

Samþykkt

77

14. júní

um áveituna úr Þjórsá á Miklavatnsmýri og nærliggjandi engjalönd.

1. gr.

Ábúendur og eigendur jarða þeirra í Gaulverjabæjarhreppi og Villingaholtshreppi, sem áveitan úr Þjórsá nær til, eru skyldir að taka hlutfallslegan þátt í öllum kostnaði við hana, bæði stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og eftirlitskostnaði. Kostnaðinum skal jafna niður á jarðirnar á áveitusvæðinu eftir stærð þess lands á hverri jörð, er vatnið getur náðst yfir, þó aldrei meira en $\frac{3}{4}$ hluta af landstærð hvernar jarðar. Eigendur greiða stofnkostnað, en eftirlitskostnað og viðhaldskostnað greiða ábúendur nema öðruvísi hafi umsamist.

2. gr.

Áveitufjelaginu stjórna 3 menn, skulu þeir vera búsettir á áveitusvæðinu. Þeir skulu kosnir á sameiginlegum fundi þeirra, er heima eiga á þessu svæði og hafa jörð á því til umráða og afnota. Kosningin gildir um 3 ár í senn, en þó þannig að á næsta ári gengur einn maður úr nefndinni og kosinn maður í hans stað, og svo áfram þannig að kosinn er einn maður í umsjónarnefndina á ári hverju. Kosning þessara manna fer fram í fyrsta sinn 3. apríl 1917. Stjórnarnefnd kýs sjer formann. Stjórnarnefnd má endurkjósa.

3. gr.

Aðalfund skal halda í janúarmánuði ár hvert, en heimilt er stjórnarnefnd að kveðja bændur á áveitusvæðinu til aukafunda, er þeim þykir ástæða vera til þess. Að öðru leyti eru þeir skyldir til að kveðja til fundar, ef helmingur bænda á áveitusvæðinu krefjast þess. Atkvæðisrjett hafa eigendur og ábúendur allra jarða á áveitusvæðinu. Fundur er lögmætur ef helmingur búenda er á fundi.

Afl atkvæða ræður úrslitum.

4. gr.

Stjórnarnefnd ræður eftirlitsmann með áveitunni, fær honum erindisbrjef

77 og semur við hann um kaup hans. Eftirlitsmaðurinn hefir á hendi að annast um
 14. júní áveituna, segir fyrir hvernig stíflum í áveituskurðunum skuli hagað að svo miklu leyti sem ekkert er um það ákveðið í þessari samþykkt, og kappkostar að haga áveitunni þannig að notin af vatninu verði sem mest og best. Hann skal og líta eftir því að áveituverkinu, þar á meðal stíflum í áveituskurðunum og flóðgáttinni, sje sem best haldið við, og verði hann var við einhverja bilun, skal hann tafarlaust annast um að gjört sje við hana svo fljótt sem audið er.

5. gr.

Kostnaðinum við allar stíflur, sem til eru og síðar verður bætt við, samkvæmt fyrirlagi eftirlitsmanns, eftirlit og viðhald áveitunnar jafnar stjórnarnefnd niður á alla hlutaðeigendur samkvæmt fyrirmælum 1. gr. Sýslumaður annast um innheimtu á þessu gjaldi, jafnhliða því sem hann innkallar árlega vexti og afborgun af stofnkostnaðinum eða landssjóðsláninu og eins eftir að lánið er að fullu greitt. Öll þessi gjöld hafa lögtaksrjett.

6. gr.

Stjórnarnefnd ákveður hvenær áveita skuli byrja og hvenær henni skuli hætt haust og vor ár hvert. Þegar af er hleypt, skal eftirlitsmaður fara með öllum skurðum á áveitusvæðinu, og taka úr þeim allar stíflur, svo og alla lausa hnausa sem fallið hafa niður í þá. Bannað er að gera kakkastíflur eða kakkabryr á skurðina, er hindri greiða vatnsframrás um heyannir.

7. gr.

Stíflum í áveituskurðunum þegar veitt er á, skal að jafnaði haga þannig, að stífla þá fyrst að neðanverðu og svo uppeftir. Neðsta stífla í hverjum áveituskurði skal svo sitja óhreyfð í þeim allan áveitutímann. Að öðru leyti verður eftirlitsmaður með ráði stjórnarnefndar að ákveða um það í hvert sinn, hvað langur tími má líða frá því að stíflað er neðst og þar til næsta stífla er látin í, og svo koll af kolli.

8. gr.

Skurðirnir á áveitusvæðinu skulu teknir út að minsta kosti 10. hvert ár af tveimur verkfróðum mönnum. Annar maðurinn sje eftirlitsmaður áveitunnar, en Búnaðarfélagi Íslands skal gefinn kostur á að útnefna hinn manninn. Vilji það eigi sinna því, tilnefndir sýslumaður manninn. Skoðunarmenn segja fyrir um það, hvort og hvernig skurðirnir skuli bættir. Breidd og dýpt þeirra má þó eigi minni vera en þegar þeir voru upphaflega gerðir, nema sjerstakar ástæður gjöri það skaðlaust.

9. gr.

77

Kostnað þann, er leiða kann af úttekt samkvæmt 8. gr., greiða ábú- 14. júní
endur á áveitusvæðinu eftir sama mælikvarða og um er rætt í 1. gr.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 50—200 kr. er renna í sjóð,
er stofnast með þeim til viðhalds áveitunni.

11. gr.

Mál er rísa kunna útaf brotum gegn samþykkt þessari skal fara með sem
almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatns-
veitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi, og birt-
ist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson,
aðstm.